

Refir á Hornströndum

Áfangaskýrsla um vöktun árið 2018



Dr. Ester Rut Unnsteinsdóttir, dýravistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands
og formaður stjórnar Melrakkaseturs Íslands. Sími: 5900520. Netfang: ester@ni.is

Efnisyfirlit

Samantekt	3
Inngangur	4
Vöktun á refum í Hornstrandafriðlandi – 2018	6
Ferðir og svæði	6
Vöktun og fyrirkomulag	7
Þátttakendur	8
Niðurstöður og umræður	9
Mars	9
Júní og júlí	16
Ágúst	26
September	28
Upplýsingar frá öðrum	28
Hlöðuvík í júlí	28
Veiðileysufjörður	29
Hesteyri	30
Kvíar	31
Fugladagbók	33
Lokaorð	41
Kostnaður	43
Helstu heimildir:	44

Ljósmyndir sem birtar eru í skýrslunni eru höfundar, nema annað sé tekið fram. Afrit af myndum úr skýrslunni eru ekki leyfileg.

Efni skýrslunnar má nota og skal vitnað til hennar á eftirfarandi hátt:

Ester Rut Unnsteinsdóttir 2018. Vöktun refa á Hornströndum. Áfangaskýrsla 2018, unnin fyrir Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Melrakkasetur Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands. Náttúrufræðistofnun Íslands, Garðabæ, 44 bls.

Samantekt

Farið var á öll þekkt greni í Hornvík, Rekavík bak Höfn og Hælavík. Jafnframt fengust upplýsingar um ábúð og ástand refa frá Hlöðuvík, Hesteyri og Kvíum, frá áreiðanlegum aðilum. Hornvík og Kvíar voru heimsótt í mars til að kanna fjölda og ástand dýr að vetrarlagi og fylgjast með tímgun og óðalsmyndun. Aftur var komið í Hornvík um miðjan júní og athugað hvort sömu dýrin væru á svæðinu og hvort þau hefðu parað sig og helgað sér óðul í samræmi við athuganir í mars. Í byrjun júlí var farið á öll þekkt greni í Hælavík og í ágúst og september var aftur farið í Hornvík í viku í senn til að fylgjast með afdrifum yrðlinga og ástandi refa almennt.

Kannað var hversu mörg pör væru með yrðlinga og hversu mörg fullorðin dýr héldu sig á óðalinu (hjálpardýr) auk þess sem fæðuleifar við greni voru skráðar. Þrjú greni voru vöktuð sérstaklega í 12 klst á dag í fimm daga seinnipartinn í júní, til að fylgjast með atferli fullorðinna dýra og ferðamanna. Önnur greni voru heimsótt í 6-8 klst að jafnaði, til að kanna fjölda yrðlinga og fullorðinna dýra auk fæðuleyfa á grenjum. Fuglar sem sást til á rannsóknartímanum voru skráðir og greindir til tegundar og athugað hvort þeir væru með egg eða unga.

Af gögnum sem hafa safnast á sl. 20 árum má ætla að burðargeta Hornvíkur, með tilliti til refa, sé allt að tíu óðul í ábúð (að meðtalinni Rekavík bak Höfn og Hvannadal). Í Hælavík geta verið 3-4 óðul í ábúð, 1-2 í Hlöðuvík og 2-3 í Kjaransvík. Alls eru þekkt 47 greni á þessu svæði, nokkur þeirra tilheyra einu og sama óðali og algengt er að dýrin flytji sig milli grenja á miðju sumri. Gæði óðala hafa verið skilgreind með tilliti til þriggja megin þátta 1) fæðuframboði, 2) næði og 3) búsetuúrræðum. Samanburður við veiðigögn frá tímum veiða á svæðinu og á öllu landinu sýnir að stofnbreytingar innan friðlandsins eru í samræmi við landið í heild.

Ástand refanna í friðlandi Hornstranda árið 2018 var undir meðallagi, miðað við fjölda óðala í ábúð og afkomu yrðlinga. Afkoma yrðlinga er slæm í Hornvík, sérstaklega þar sem fæðan er eingöngu fengin við ströndina. Betri afkoma á bjarginu getur tengst bættri samkeppnisstöðu foreldra þeirra til fæðuöflunar vegna fækkunar og stækkunar óðala. Frekari rannsókna er þörf til að finna út hvað liggur á bak við slæma afkomu yrðlinga. Frumniðurstöður benda eindregið til þess að minnkandi fæðuframboð hafi takmarkandi áhrif á þéttleika refa á norðaustursvæði Hornstranda. Jafnframt að truflun við greni á viðkvæmum tíma hafi neikvæð áhrif á afkomu yrðlinga. Mögulega einnig áframhaldandi neikvæð áhrif á möguleika ungra dýra á að lifa af fyrsta veturinn og hæfni þeirra til að afla sér fæðu og koma upp afkvæmum.

Núgildandi náttúruverndarlög kalla á vísindalega þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa og jarðfræði landsins. Innan friðlandsins eru m.a. alþjóðlega mikilvæg fuglaverndarsvæði og tvö stærstu fuglabjörg landsins, Hornbjarg og Hælavíkurbjarg, auk þess eitt þéttasta búsvæði melrakka sem þekktist. Gróðurfar á Hornströndum er gríðarlega fjölbreytt og sérstætt með tilliti til hversu harðbýlt svæðið er. Rík ástæða er til að koma á heildstærðri vöktun á lífríki og vistkerfum innan Hornstranda. Norðaustursvæðið, sérstaklega Hornvík og Hælavík, eru einkar hentugar fyrir slíka vöktun. Refir, sem toppafræningjar, eru vísitægund á heilbrigði vistkerfa og bendir margt til að breytingar standi yfir sem nauðsynlegt er að fylgjast náið með.

Inngangur

Refaveiðar eru stundaðar um allt land en Hornstrandir eru eitt fárra svæða á landinu þar sem melrakkinn nýtur friðhelgi. Þar voru greni unnin allt þangað til villidýralögin (lög nr. 64/1994) voru samþykkt og reglugerð um framkvæmd þeirra (nr. 437/1995) kom út en þar eru friðuð svæði skilgreind í viðauka. Friðun gefur dýrmætt tækifæri til að fylgjast með vistfræðilegum ferlum og ástandi refastofnsins á svæðinu og bera saman við önnur svæði, hérlendis sem erlendis. Regluleg vöktun er því afar mikilvæg, ekki bara á refunum heldur öllu lífríkinu á svæðinu og er það í takt við nýleg lög um náttúruvernd (60/2013). Af augljósum ástæðum er ekki hægt að beita sömu aðferðum við vöktun refa í friðlandi Hornstranda eins og á öðrum landsvæðum, þ.e. mælingar á hræjum veiddra dýra. Hinsvegar fæst með langtíma vöktun á svæðinu, dýrmæt þekking á náttúrulegri stofnstærðarstjórnun auk þess sem skilningur eykst á hlutverki og samskiptum tegunda innan fæðuvefsins.

Sumrin 1998 og 1999 var farið á nær öll þekkt greni innan friðlands Hornstranda, til að athuga með ábúð og skrá staðsetningu þeirra. Fjöldi yrðlinga voru eyrnamerkir og nokkrir þeirra vandir á að koma í gildrur til að hægt væri að fylgjast með fari þeirra þegar þeir væru fullvaxnir (Páll Hersteinsson 1999). Gögnin voru m.a. notuð til að áætla þéttleika á svæðinu og bera saman við veiðigögn sem til voru frá því fyrir friðun (Páll Hersteinsson o.fl. 2000). Ekki hefur verið farið í slíka úttekt á öllu svæðinu síðan en æskilegt væri að endurtaka þessa heildarúttekt á nokkurra ára fresti. Þess utan þá biluðu senditæki sem sett voru á dýrin og því er enn þörf á að kanna ferðir refa á fyrsta vetri. Undirrituð tók þátt í ofangreindum vettvangsferðum og hefur æ síðan einbeitt sér að athugunum á refum á afmörkuðum svæðum innan friðlandsins, mest í Hornvík og nálægum víkum. Það svæði hentar vel til vöktunar, einkum vegna þess hversu þéttbýlt af refum það er en tiltölulega lítið um mannabyggð. Megin áherslan hefur verið lögð á að kanna ábúðarþéttleika refa og safna upplýsingum um fæðuval og afkomu yrðlinga. Undanfarnir tíu sumur hefur jafnframt farið fram rannsókn á atferli refa við greni í Hornvík og samskipta þeirra við ferðamenn. Í Hornbjargi er mestur þéttleiki refa og áhugi og umferð ferðamanna á búsvæðum þeirra hefur aukist til muna á þessum tíma.

Alls eru um 47 greni þekkt í Hornvík, Hælavík og Hlöðuvík sem má komast yfir að rannsaka á tveimur vikum, séu aðstæður góðar og viðkomandi þekkir vel til (og er heppinn með veður). Til að meta afföll yrðlinga er best að velja nokkur samliggjandi óðul og fylgjast með í 5-7 daga fyrrihluta sumars og svo aftur síðsumars. Undanfarnir tíu ár hefur verið hægt að vakta vel þrjú óðalspör í Hornbjarginu með aðstoð sjálfbóðaliða. Oftast nær hefur verið komið aftur einu sinni eða oftár síðsumars til að meta afkomu yrðlinga. Gróflega áætlað virðist sem um helmingur yrðlinga lifi af sumarið en gæði óðalanna skipta miklu máli í því samhengi.

Refirnir á Hornströndum hafa nokkra sérstöðu á heimsvísu, hvað varðar þéttleika og félagskerfi. Komið hefur í ljós ýmislegt markvert sem vakið hefur athygli erlendra fræðimanna, svo sem há dánartíðni yrðlinga. Síðastliðin þrjú sumur hefur borið á fækkun óðala og breytingu á landamærum. Jafnframt hefur borið á óeðlilegri hegðun dýra á svæðinu, hugsanlega vegna áhrifa af mikilli truflun. Þetta ásamt fleiru þarf að skoða áfram til að skilja hvað veldur en grunur beinist að þremur megin þáttum: 1) Aukins áhuga og viðveru ferðamanna við greni á viðkvæmu tímasteiði. 2) Breytingum í fæðuframboði sem getur bent til ástands-breytinga hjá bjargfugli. 3) Mengun fæðunnar, til dæmis kvikasilfur (Bocharova o.fl. 2013) sem getur valdið vanhöldum.

Þekking á stofnvistfræði refa er nokkuð góð á Íslandi þó margt sé enn ókannað auk þess sem miklar breytingar hafa orðið á umhverfi og aðstæðum villtra dýra undanfarna áratugi. Vegna góðs aðgengis

og mikils þéttleika er tiltölulega auðvelt og ódýrt að vakta refi á Hornströndum. Ekki síst í samanburði við önnur útbreiðslusvæði tegundarinnar, túndrur og fjallahéruð norðurhjarans. Því geta rannsóknir okkar á Hornströndum orðið til þess að auka þekkingu á líffræði og félagskerfi þessa rándýrs sem einkennir vistkerfi norður heimskautsins. Upp á síðkastið hefur áhugi vaxið á að rannsaka áhrif truflunar á refi, sem og önnur villt dýr. Hefur hvergi verið unnið eins lengi að slíkum athugunum og hér er gert. Mikilvægt er að ljúka sem fyrst við úrvinnslu og skrif á ritrýndri vísindagrein um niðurstöður okkar rannsókna síðastliðinn áratug, enda benda þær tvímælalaust til þess að áhrif truflunar séu neikvæð. Jafnframt hefur verið unnið að því að útbúa leiðbeiningar til að hægt sé að ferðast um víðerni og upplifa náttúru og dýralíf en jafnframt að lágmarka truflun og annan ágang sem fylgir vaxandi fjölda og áhuga ferðamanna.


Melrakkinn er eina innlenda landspendýrið á Íslandi og tegundin er í útrýmingarhættu á hinum norðurlöndunum. Fækkað hefur um 19% í íslenska stofninum á sl. 15 árum (Náttúrufræðistofnun, Válisti spendýra 2018) og mikilvægt að fylgjast vel með framvindu hans. Hornstrandir eru mikilvægasta griðland tegundarinnar á Íslandi og fáar reglubundnar rannsóknir á náttúru og dýralífi svæðisins, fyrir utan þær vettvangsferðir sem hér er fjallað um.

Nú stendur yfir vinna Umhverfisstofnunar að fyrstu verndaráætlun Hornstranda. Í því samhengi er vert að benda á II. kafla, 8. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013) þar sem kemur fram að vísindalegur grundvöllur fyrir ákvörðunartöku sé meginregla. Jafnframt að ákvarðanir stjórnvalda sem varða náttúruna skulu eins og kostur er byggjast á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa og jarðfræði landsins. Innan friðlandsins eru m.a. alþjóðlega mikilvæg fuglaverndarsvæði og tvö stærstu fuglabjörg landsins, Hornbjarg og Hælavíkurbjarg (Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 2016) auk þess eitt þéttasta búsvæði melrakka sem þekktist. Gróðurfar á Hornströndum er gríðarlega fjölbreytt og sérstætt með tilliti til hversu harðbýlt svæðið er. Rík ástæða er til að koma á heildstæðri vöktun á lífríki og vistkerfum innan Hornstranda. Norðaustursvæðið, sérstaklega Hornvík og Hælavík, eru einkar hentugar fyrir slíka vöktun.

Vöktun á refum í Hornstrandafriðlandi – 2018

Ferðir og svæði

Til að nýta sem best hið nauma fjármagn sem til var til vöktunarinnar, var lögð áhersla á að heimsækja norðaustursvæði Hornstranda, Hornvík og Hælavík. Vegna ráðgjafabjónustu við erlenda aðila sem unnu að gerð heimildamynda var hægt að samnýta ferðir og húsnæði, spara kostnað og komast til Hornvíkur oftast en fyrirhugað var. Farið var á svæðið fjórum sinnum árið 2018: 13.-22. mars, 19. júní-2. júlí, 4.-10. ágúst og 9.-15. september. Jafnframt var samið við landverði, ferðabjóna og ljósmyndara sem þekka til, um að skrá athuganir á refum á öðrum svæðum innan friðlandsins: Höfn, Hlöðuvík, Kvíum, Veiðileysufirði og Hesteyri. Þrjú hin síðastnefndu eru í Jökulfjörðum en Hlöðuvík tilheyrir hinum eiginlegu Hornströndum (Mynd 1). Þá vantar sárlega nýlegar upplýsingar um refi af vesturhluta svæðisins: Aðalvík og Fljótavík.



Mynd 1. Kort af rannsóknasvæðinu. Unnið af Anette Meier, Náttúrufræðistofnun Íslands.

Sigt var með Bjarnarnesi, ferju Borea Adventures, frá Ísafirði og yfirleitt farið í land að Horni. Settar voru upp tjaldbúðir að Horni í júní, með leyfi landeigenda. Í júlí og ágúst var aðsetur á tjaldsvæðinu í

Höfn en í mars og september var dvalið í Stígshúsi að Horni. Tvisvar var þegið far með flugvélinni TF VIK frá Hornvík til Ísafjarðar, í boði BBC.

Vöktun og fyrirkomulag

Í mars var farið að Horni og fylgst með fjölda og ástandi dýranna á fengitíma og kannað hvaða dýr væru að parast. Einnig var fylgst með því hvort pörin væru farin að helga sér óðul og heimsækja grenstæði. Skráð var koma fugla í bjargið og lagt mat á fæðuframboð og fæðunám refa. Saur var safnað og allt lífríki almennt skráð, nokkrar hagamýs voru veiddar í Stígshúsi, til varðveislu í vísindasafni. Farið var á bjargið á hverjum degi og einnig inn víkina, að Hornvíkurósi og Kýrá. Fylgst var með ferðum og atferli refa og refaslóðir raktar í snjó, ásamt því að fara að grenjum til að kanna með refaferðir að þeim. Teknar voru myndir af öllum refum sem sáu, til að bera kennsl á fjölda einstaklinga og til samanburðar við myndir fyrri ára og komandi sumars.

Í júní voru þekkt greni í Hornvík og Hælavík heimsótt og athugað hvort þau væru með einkenni ábúðar (traðk, lykt, feldleifar, fuglahræ). Ef grenið var talið líklegt til ábúðar var kallað í yrðlinga til að telja þá og meta aldur og lit og/eða fylgst með úr fjarlægð þegar foreldrar komu heim á grenið. Fylgst var með refum sem komu á grenin, úr hvaða átt þeir komu og hvert þeir fóru. Skráðar voru fæðuleifar á grenjunum og, ef það átti við, fæðugerðir sem fullorðin dýr komu með. Með því að fylgjast með ferðum dýranna úr fjarlægð voru landamæri og stærð yfirráðasvæðis áætluð. Reynt var að meta fjölda gelddýra á svæðinu (önnur dýr en grendýr) en þau sem ekki eru enn hjá foreldrum halda til á mörkum óðala og eru gjarnan hreyfanleg og lítt sýnileg. Teknar voru myndir til að bera kennsl á alla þá refi sem sáu á svæðinu. Saur sýnum var safnað til frekari greininga síðar en þau nýtast til að meta fæðuvenjur, sníkjudýraálag, erfðaeftni og streitu hjá dýrunum.



Mynd 2. Hópurinn sem fylgdist með refum í Hornvík í júní 2018. Efri röð frá vinstri: Mike Pratt, Caroline Weir, Ingvi Stígsson, Rakel Dawn Hanson. Neðri röð frá vinstri: Anna Heiða Ólafsdóttir, Ester Rut Unnsteinsdóttir og Juliann Schamel.

Valin voru þrjú greni í Hornbjargi til að fylgjast sérstaklega með m.t.t. samskipta við ferðamenn og afkomu yrðlinga ásamt atferli foreldra og fæðuvali. Þau greni voru vöktuð í 12 klst á dag í fimm daga í lok júní en þá eru læður með yrðlinga bundnar við grenin til að mjólka og annast þá. Fylgst var með grenjum úr fjarlægð með sjónauka og allt skráð sem þar fór fram. Einnig var góð yfirsýn yfir óðal dýranna og hægt að meta landnotkun hvers óðalspars, legu landamæra og ferðir fullorðinna dýra. Auk atferlis dýra og manna var magn og gerð fæðuleifa á og við grenin skráð, einnig þegar fullorðin dýr komu heim á greni með fæðu.

Grenin sem voru valin eru staðsett þannig að truflun af völdum ferðamanna er mis-mikil. Eitt grenið er staðsett þannig að vinsæl gönguleið liggur beint yfir það, annað er staðsett nálægt stíg en það þriðja aðeins lengra frá fjölförnum stíg. Truflunin er mest á því fyrstnefnda, aðallega vegna þess að dýrin hafa ekki aðra möguleika á grenstæði vegna þess hve jarðvegur er þunnur og engin náttúruleg aðstaða til að gera ný greni. Jafnframt er stutt í næstu nágretta svo ekki geta dýrin flutt sig með yrðlinga sína, verði þau fyrir truflun. Hin grenin hafa stíglækkandi truflunarstig og hækkandi möguleika á tilflutningi því þau eru hluti af grenjaröð eða hafa margar útgönguleiðir og felustaði. Jafnframt hafa ábúendur grenja í bjarginu mis góðan aðgang að fæðuauðlindum. Sum óðalspör geta sótt fæðu bæði í fjöruna og á bjargið en önnur geta bara sótt annað hvort.



Mynd 3. Margir vilja taka myndir af refum í náttúrulegu umhverfi sínu. Hér hefur ungur refur stillt sér upp fyrir framan myndavél hjá manni sem tók vel í ráðleggingar um að halda sig fjarri greni og fara ekki á eftir refnum ef hann kysi að halda á brott.

Þátttakendur

Dvalið var í Stígshúsi að Horni 13.-22. mars. Þar voru þau Ingvi Stígsson f.h. Stígshúss, Tobias Mennle (kvikmyndagerðamaður og leiðangursstjóri), Ester Rut Unnsteinsdóttir, Axel Kelm, Hans Jörgen og Kondrad Wothe, ljósmyndarar.

Í vettvangsferð að Horni dagana 19. – 25. júní voru Ester Rut Unnsteinsdóttir (leiðangursstjóri), Anna Heiða Ólafsdóttir (IS), Caroline Weir (UK), Ingvi Stígsson (IS), Juliann Schamel (US), Mike Pratt (UK) og Rakel Dawn Hansson (IS), aðstoðarmenn.

Í vettvangsferð í vesturhluta Hornvíkur, Rekavík, Hvannadal og Hælavík dagana 25. júní – 2. júlí voru þær Ester Rut Unnsteinsdóttir (leiðangursstjóri) og Caroline Weir, vistfræðingur. Kvikmyndatökulið og þáttastjórnandi (6 manns) frá BBC var á staðnum og einn tókumaður frá Tigressfilms.

Í vettvangsferð í Hornvík (Höfn og Hornbjarg) 4. – 10. ágúst var Ester Rut Unnsteinsdóttir í rannsóknum. Kvikmyndatökulið og þáttastjórnandi (4 manns) frá BBC var á staðnum og einn tókumaður frá Tigressfilms.

Dagana 9. – 15. september var dvalið í Stígshúsi að Horni, í boði BBC. Þar voru þau Rúnar Óli Karlsson f.h. Stígshúss, Kvikmyndatökulið og þáttastjórnandi (4 manns) frá BBC var á staðnum og Ester Rut Unnsteinsdóttir.

Niðurstöður og umræður

Mars

Dvalið var að Horni í tíu daga og var veðrið með eindæmum gott allan tímann. Hitastigið var 1°C fyrsta daginn en fór hlýnandi (og hvessti) og náði 8°C tvo síðustu dagana. Hitanum fylgdi þoka sem stundum byrgði sýn en yfirleitt var hægt að vinna utandyra meðan bjart var. Snjór var yfir öllu í byrjun en svo hlánaði með hverjum deginum og snjó tók upp á láglendi. Hægt var að rekja spor í snjó að mestu uppi í bjarginu og sást hvort dýrin höfðu farið upp á brún. Hópur ferðamanna fór á svæðið um páskana, rúmri viku eftir að dvöl okkar lauk. Þá var mun vetrarlegra á að lítast og allt á kafi í snjó.



Mynd 4. Bjart á að líta og snjólétt í Hornvíkinni 13. mars. Myndin er tekin ofan af barmi Miðdals og horft inn víkina framhjá húsunum að Horni yfir að Dögunarfelli og Grænanesi.

Strax á fyrsta degi ferðarinnar sáust 5-7 refir, en alls sáust 13-14 dýr á þeim tíma sem dvalið var á svæðinu. Allir refirnir sem sáust voru mórauðir fyrir utan þrjú hvít dýr. Voru flest dýrin augljóslega í

tilhugalífinu og voru yfirleitt tvö og tvö saman. Þó flest grenin séu staðsett uppi á bjargi halda dýrin sig yfirleitt niðri á láglandi á vetrum enda litla sem enga fæðu að finna í bjarginu fyrr en fuglinn er sestur upp. Eitt af því sem kannað er í ferðum á fengitíma er hvenær þörin fara upp að grenjunum og festa sér óðal með því að þvagmerkja landamæri. Þetta virðist tengt tvennu, komu fugla í bjargið og snjóalögum en dýrin merkja á hluti sem standa upp úr snjónum.

Þör og óðul

Eitt mórault þar hélt til við húsina að Horni og tvisvar kom þriðja dýr að þeim, en var rekið í burtu án þess að kæmi til alvarlegra slagsmála. Þarna á láglandinu eru nokkur greni og eitt þeirra er í næsta nágrenni, nálægt þeim stað þar sem við höfum tjaldbúðir okkar í júní. Hornbæirnir og svæðið þar um kring tilheyra einu refaóðali sem við köllum campden. Komið hefur fyrir að dýrin haldi til með yrðlinga sína undir öðru húsina að Horni.



Mynd 5. Ester horfir á mórauða parið við húsina að Horni í mars en þau voru mjög spök. Óðalið þeirra er á láglandi og sækja þau fæðu í fjöruna. Ljósmynd: Tobias Mennle.

Annað mórault þar hélt til nyrst á svæðinu og fór upp í ystadal, allt að greninu þar. Þau voru lítið fyrir mannaferðir og héldu sig til hlés þó þau virtust ekki stygg. Þetta svæði tilheyrir óðali og voru þau skilgreind sem óðalspar níu.

Í Miðdal sást til þriggja mórauðra dýra og tveggja hvíttra, þar af var annað elt uppi og rekið í burtu með harkalegum árásum. Hitt hvíta dýrið og eitt hinna mórauðu sáust síðan saman ofan við Miðdalsvatn og var hjónasvipur með þeim. Voru þau skilgreind sem óðalspar 12 en það óðal nær vel niður miðjan Miðdal og hefur nokkuð mörg grenstæði.



Mynd 6. Mislita parið í hlíðinni undir Jörundi, fyrir ofan Miðdalsvatn, í mars. Þau voru ekki mikið á ferðinni niðri á láglandi enda fugl að setjast upp og orðið snjólaust víða. Læðan er hvít en steggurinn mórauður með hvíta tá á vinstra framfæti, hann vék ekki frá henni og rak óboðna gesti (ferfætta) í burtu. Myndin er tekin með miklum aðrætti. Ljósmynd: Konrad Wothe.

Við bjargbrúnina nær Svaðagjá í Miðdal sáust tvö mórauð dýr, eitt nær gjánni og hitt á ferðinni á stíg við bjargbrún. Bæði voru sérstök í útliti, hið fyrra var læða og virtist sem hana vantaði undirfeld á hálsi. Hið síðara var áreiðanlega steggur en feldur hans skiptist í miðju á bakinu, eins og hann væri með brilljantín-greiðslu. Bæði þessi dýr sáust líka annars staðar í vikunni, meðal annars á Múla og niðri í fjöru við Hornána. Ekki virtust þau vera í pörunarhugleiðingum og voru þau skilgreind sem hlaupadýr. Annars er algengt að Svaðagjá og norðurhluti Miðals tilheyri óðali (10) sem nær niður í miðjan Miðdal. Mögulegt gat verið að þessi dýr myndu grenja sig og helga sér þetta óðal en vegna þess hve þau voru hreyfanleg og lítið saman, þótti það ekki líklegt.

Í Innstadal, uppi undir Kálfatindum og fram á brún, er eitt óðal (14), sem nær alveg að Elífstindi og niður í miðjan Innstadal. Á því svæði sást til tveggja mórauðra dýra sem virtist vera þar. Hann var með áberandi hása rödd í gaggi sínu og upplitaður. Hún var dökkmórauð og fíngerð, heldur styggari en hann. Þau voru skilgreind sem óðalspar 14.

Frá Elífstindi og að Almenningaskarði í Innstadal er nokkur fjöldi grenstæða sem tilheyra einu óðali (15) og nær það niður miðjan Innstadal, hinu megin við svæði 14. Þar sáust tvö mórauð dýr sem virtust vera þar og að minnsta kosti steggurinn sá sami og var þar á tveimur síðustu árum. Þau voru skilgreind sem óðalspar 15. Einnig sást hvítt dýr sem var eitt á ferð í Harðvirðisgjánni í mars, líklega kvendýr.



Mynd 7. Mórauð læða í fjörunni í nágrenni Skipakletts í mars. Hún sást iðulega með mórauðum stegg sem var gráleitari og virkilega spakur. Ljósmynd: Konrad Wothe.

Í nágrenni Hornár og Skipakletts voru tvö mórauð dýr, annað steggur og hitt líklega læða. Hann var gráleitur, afar spakur og sást í hvert skipti sem farið var í áttina að Hornánni. Hún var minna áberandi, nokkuð upplituð og rauðleit. Þau héldu til við stóra steina í kverkinni undir Dögundarfelli og sáu líka oft í fjörunni eða við kamarinn hjá Hornánni. Þau voru skilgreind sem óðalspar 17. Tvö önnur dýr sáu af og til á þessu svæði en voru meira á ferðinni.



Mynd 8. Mórautt dýr sem kom óboðinn að parinu að Horni í mars en var rekið í burtu án harkalegra áfloga. Feldurinn var almennt lélegur, tættur aftan á lendum og efst á skotti. Mögulega var þetta læða og undirfeldur losnað eftir mökun en mikill hraði var á dýrinu og það sást aldrei merkja. Áberandi loðnar augnabrúnir og hvít haka einkenndu þetta dýr og hægt að þekkja það aftur á því. Ljósmynd: Konrad Wothe.

Flest öll dýrin voru hraustleg að sjá og heilbrigð, utan læðuna sem virtist vanta undirfeld á hálskraga (Mynd 9) og svo annað hvíta dýrið, sem var kámugt og feldurinn mattur. Skíðamenn voru á ferðinni í Hornvík á páskum, rúmri viku eftir að við fórum þaðan og náðu fleiri myndir af sömu dýrum. Virtust þessi tvö dýr enn vera með feldvandamál og sá hvíti (ef þetta var sama dýrið) enn verr farinn, feldurinn nær alveg farinn af á skotti.



Mynd 9. Mórauða læðan með hárlitla hálskragann. Myndin er tekin í Miðdal 10 apríl en læðan sást líka á sama stað 15. mars. Ljósmynd: Megan Perra.



Mynd 10. Hvíta dýrið sem sást við Harðviðrisgjá þann 19. mars. Feldurinn var ekki í góðum gæðum miðað við árstíma og dýrið óhreint auk þess sem undirfeldur virðist laus við skottrót. Dýrið virðist þó ekki í slæmu ástandi að öðru leyti. Ljósmynd: Axel Kelm.

Miðað við hvað mörg dýr fæddust sumarið 2017 voru heldur fá hlaupadýr á svæðinu í mars. Annaðhvort höfðu þau ekki lifað veturinn eða þá að þau höfðu fært sig annað, erfitt er að segja til um það. Almennt virtist lítið um fæðu í mars og flest dýrin að gramsa í fjörunni eftir einhverju ætilegu. Sjaldgæft var að sjá einhvern ætilegan reka, eins og fuglshræ eða slíkt, allt var uppétið. Nokkuð var um að dýrin væru að éta krækling eða appelsínugula hnoðra sem virtust vera mosadýr (Mynd 11). Ekki voru tekin sýni af þessu fyrirbæri en myndir hafa verið sendar á sérfræðinga í sjávarhryggleysingjum til greiningar.



Mynd 11. Þessi fyrirbæri rak í fjörur í mars og átu refir þetta, þó ekki af ákefð. Ekki er vitað hvaða lífverur þetta eru en því miður voru sýni ekki varðveitt. Myndir hafa verið sendar til sérfræðinga í sjávarhryggleysingjum og enn er beðið svara við greiningu.

Júní og júlí

Siglt var með Bjarnarnesinu frá Ísafirði að morgni 19. júní, en ófært hafði verið vegna sjólags áætlaðan brottfarardag, þann 18. júní. Farið var í land að Horni fyrrihluta dags og settar upp tjaldbúðir eins og áður, með leyfi landeigenda. Með í ferð voru sex sjálfboðaliðar, þar af fjórir vanir og hófust vaktir við grenin næsta dag. Hvert þeirra bar ábyrgð á vöktun eins grenis í 6 klst á dag, ýmist frá því kl. 10 til 16 eða 16 til 22 í fimm daga. Þau skráðu og tímasettu allt sem fram fór við grenin og innan óðalsins. Undirrituð var þeim innan handar en fór jafnframt yfir allt svæðið og athugaði með ábúð á nágrannaóðulum, atferli við landamæri og hvort hlaupadýr væru á svæðinu. Tvö kvikmyndateymi voru jafnframt að vinna á svæðinu og var annað þeirra (BBC) á greni sem var vaktað. Í hinu tilfallinu (Tigressfilms) var einn kvikmyndatökumaður staðsettur milli tveggja grenja innan sama óðals. Undirrituð leiðbeindi þeim um hegðun dýranna og hvernig best væri að bera sig að án þess að valda dýrunum of miklu ónæði.



Mynd 12. Ester að koma í land í Bolungarvík í byrjun júlí með þáttagerðarfólki BBC: Ellis Roberts, Colin-Stafford Johnson, Dominic Weston, John Grey og James Bayliss-Smith frá Tigressfilms.

Strax kom í ljós að eitt par átti sér óðal á landareign hornbæjarins og hafði komið sér fyrir undir húsi með sjö yrðlinga. Þetta var þá mórauða parið sem við höfðum fylgst með við húsið á fengitímanum í mars. Yrðlingarnir voru allir mórauðir. Fólk var í húsinu og fylgst var vel með þessari fjölskyldu um sumarið en þau fluttu helming yrðlinga sinna yfir á grenið við tjaldbúðirnar okkar (Mynd 13). Óðal þeirra hefur vinnuheitið campden. Þetta óðal hefur yfirleitt eingöngu haft aðgang að fjöru til fæðunáms.



Mynd 13. Steggurinn við campden í júní, þeir voru sjö og allir mórauðir, líklega fæddir undir Stígshúsi og fóru þar á milli reglulega. Ljósmynd: Caroline Weir.

Á næstu dögum var farið á öll þekkt greni í Hornbjargi og við Hornvíkurósinn, alls 14 greni og athugað með ábúð. Auk þess sem var undir húsinu voru staðfest sex greni með yrðlinga, þar af fjögur í bjarginu.

Borið saman við þau dýr sem sáust í mars virtist sem flest hafi haldið sig áfram á þeim svæðum þar sem þau höfðu sést þá. Mórautt þar var í Ystadal (Mynd 14), líklega þau sömu og sáust í mars og hafði yfir að ráða óðali 9. Þau áttu fimm yrðlinga og sóttu fæðu í bjargið og norðurhluta Miðfells, klettana undir því og niður í fjöru. nýttu því stærra svæði til fæðuöflunar en oft áður, þar sem óðal 8 (við sjávarmál) var ekki í notkun í ár.



Mynd 14. Párið í ystadal í júní. Læðan til vinstri og steggurinn til hægri. Þau voru mjög áþekkt, bæði vel farin úr vetrarfeldir en hún heldur svipmeiri í andliti, með skarpar brúnir og kviðsíðari. Hún minnti talsvert á dýrið sem rekið var í burtu frá Hornbænum í mars (sjá mynd x). Hann var rauðleitari á að líta og með ljósrauðar leifar vetrarfelds á skotti. Ljósmyndir: Caroline Weir.

Í Miðdal var aðeins eitt par með óðal, mórauður steggur og hvít læða, samsvarandi dýrunum sem sást saman við Miðdalsvatn í mars (mynd 6). Þá höfðu þau sést reka hvítt dýr í burtu í átt að Innstadal, yfir Múla (mögulega dýrið með hárlausa skottið sem sást í apríl). Einnig höfðu sést mórauð læða með ljótan feld um hálsinn (Mynd 10) og mórauður steggur en þau höfðu sést víðar í mars. Mórauður steggur sem sást mikið í Miðfelli, Ystadals-megin í júní gæti verið sá sami og sást í mars. Í júní var blandaða parið fyrst á greni sem tilheyrir óðali 10 en færði sig fljótlega yfir í hinn hluta dalsins þar sem er umfangsmikil sería af grenjum, sem nær yfir 600 metra svæði auk stakra grenstæða. Þau voru eina parið í Miðdal þetta árið og óðalið þeirra hefur vinnuheitið 12. Hvíta læðan er líklega grenlæða þarna annað árið í röð og að öllum líkindum ein af mörgum hvítum yrðlingum sem fæddust í dalnum fyrir tveimur árum. Mórauði steggurinn var með hvíta tá á vinstra framfæti og þekktist á því þegar sást til hans. Ekki sást til annarra fullorðinna dýra í Miðdalnum þetta sumar en refafjölskyldan var filmuð af kvikmyndateymi BBC af og til um sumarið og fram á haustið. Yrðlingarnir voru sjö, þar af einn hvítur og var hann söguhetja í þættinum sem ber vinnuheitið „Fyrst year on earth“. Fæða refanna í Miðdal var eingöngu sótt í bjargið í júní og júlí, þá aðallega fyll og rita en einnig svartfugl, ásamt eggjum þeirra.



Mynd 15. Ester með Colin-Stafford Johnson, sem starfar með BBC Natural History Unit að þáttunum First Year On Earth en einn þátturinn fjallar um melrakkann.

Í Innstadal hafði sést til tveggja mórauðra dýra undir Kálfatindum í mars, þar var nú mórauður steggur og hvít læða með fjóra yrðlinga. Tveir þeirra voru hvítir og tveir mórauðir. Þetta óðal er með vinnuheitið 14. Í ljós kom að þessi hvíta læða var sú sama og hafði verið á sama greni sumarið áður en í 2-3 ár á

undan hafði hún verið grenlæða í Miðdal. Þetta gæti verið hvíta dýrið sem sást í Harðviðrisgjá í mars. Í sumarfeldi þekkt hún á sérkennilegu litafari og svip í andliti ásamt því að spenar hennar voru með áberandi bólgum, bæði nú í ár og í fyrra (Mynd 16). Hún er að öllum líkindum móðir hvítu læðunnar sem er nú í Miðdal, enda svipur með þeim. Myndatökumaður frá Tigressfilms filmaði þessa fjölskyldu í viku í júní. Fæðan sem dýrin af óðali 14 báru heim á greni var aðallega fýll og rita úr bjarginu ásamt eggjum. Ekkert sást til mórauðrar læðu sem var á þessu svæði í mars, ásamt mórauðum stegg sem var líklega grensteggurinn þar núna.



Mynd 16. Hvíta læðan undir Kálfatindum í Innstadal. Hún var ósköp rytjuleg að sjá og enn voru bólgur í spenum hennar, líkt og árið á undan. Hún átti mórauðan stegg og fjóra yrðlinga í júní.

Mórautt þar var í greni undir Almenningskarði og án vafa voru það sömu refir og í mars en steggurinn er sá sami og tvö undanfarin ár, hann þekkt af áberandi sérstakri rödd. Þau voru með fimm mórauða yrðlinga sem voru allt að mánuði eldri en aðrir yrðlingar á svæðinu. Þeirra óðal er með vinnuheitið 15 og sækja þau fæðu í bjargið, helst ritu, fýll og svartfugl og egg þeirra.

Við Hornána var mórautt þar með fimm mórauða yrðlinga en grenin á því svæði eru yfirleitt ekki notuð nema þegar dýr af campden flytja yrðlinga sína. Er þetta í fyrsta skipti sem tvö greni eru við sjávarmál og aðeins er um einn kílómetur á milli þeirra. Þetta var mögulega mórauða parið sem sást saman á þessu svæði í mars og hafði verið áætlað að myndu grenja sig nær Grænanesi, sem er óðal 6. Þessir refir virtust nota fjörusvæðið frá Hornánni og að Grænanesi, hugsanlega lengra til suðurs. Óðalið þeirra fékk þó vinnuheitið 17 því ekki var útséð með hvort einhver dýr héldu til á óðali 6. Ekki fannst þó neitt þar á því svæði og engir yrðlingar í greni en nokkur dýr sáust á svæðinu, beggja vegna við ósinn og í fjörunni, allt að Hornánni. Parið með yrðlingana hélt til hjá kamrinum þar sem er jafnframt skammtíma tjaldsvæði. Þau voru undir mjög miklu álagi vegna ferðamanna sem tóku margar myndir af þeim,

sérstaklega steggunum og yrðlingunum. Tvö hlaupadýr sáust af og til í fjörunni milli Skipakletts og Hornár, voru þau mórauð og bæði mjög loðin.



Mynd 17. Eitt af hlaupadýrunum sem sást í fjörunni í nágrenni Hornánnar í júní þar sem mórauðt par var með yrðlinga. Þessi líkist læðunni sem var mynduð þarna í mars en var ennþá talsvert loðin í júnílok og vetrarfeldurinn orðinn mjög upplitaður. Ljósmynd: Caroline Weir.

Strax í upphafi var ljóst að ferðamenn vissu hvar dýrin héldu sig og var mikið setið um þau greni sem voru í ábúð. Nýnæmi var að fólk sat nú við grenin yfir nóttina, þannig að dýrin fengu ekki hvíld. Okkar vakt lauk kl. 22.00 og kom ósjaldan fyrir að við mættum fólki á uppleið þegar heim var haldið. Fáir vildu þó viðurkenna hvað þeir ætluðust fyrir en einn sem talað var við, kvartaði yfir því að öll grenin væru upptekin og ekkert eftir handa honum að mynda!

Flest grendýrin sýndu einhver einkenni streitu og á þremur grenjanna sáust steggirnir sjaldan eða aldrei koma með fæðu. Læðurnar héldu sig mikið til inni í greninu til að byrja með, meðan yrðlingarnir voru enn það litlir að hægt væri að halda þeim inni. Þau grendýr sem höfðu tók á því, fluttu sig um set en önnur færðu sig framfyrir bjargbrún með yrðlingana. Foreldrarnir eyddu miklum tíma í að vera á vakt og gagga þegar fólk var á ferð innan óðalsins.

Í vikunni sem grenin voru vöktuð fluttu tvö pör sig um set með yrðlingana. Ekki er hægt að fullyrða að þetta hafi verið eingöngu vegna truflunar en vegna þess að færri óðul voru í ábúð og engir grannar, var þetta mögulegt fyrir dýrin.

Hlaupadýr sáust á öllu svæðinu en þau voru fá og héldu sig yfirleitt á mörkum óðala. Í Miðfellinu, milli Ystadals og Miðdals var eitt mórauðt dýr, steggur. Í kverkinni undir Dögunarfelli og niður í fjöru, allt að grænanesi, sáust tvö dýr sem líklega voru hlaupadýr. Í Höfn voru þrjú dýr, allt hlaupadýr, þó tvö þeirra virtust vera par en læðan hafði enga spena og þau höguðu sér ekki eins og grendýr.

Stígar voru greinilegir þegar hlánaði enda höfðu þeir ekki náð að jafna sig yfir veturinn. Því var mikið drullusvað í stígum, sérstaklega uppi í Miðdal. Ástand stíganna átti ekki eftir að batna yfir sumarið og eftir rigningatíð voru þeir áberandi slæmir.

Þann 25. júní fækkaði í rannsóknarhópnum þegar sjálfboðaliðar sem sáu um vöktun refa í Hornbjargi fóru „í land“ en Ester og Caroline fluttu sig um set. Dvalið var á tjaldsvæðinu á Höfn meðan kannað var með ástand refa í vestanverðri Hornvík, Rekavík, Hvannadal og í Hælavík. Alls var farið á 19 þekkt greni á því svæði til að kanna með ábúð og telja yrðlinga.

Að Höfn sáust þrjú fullorðin dýr, allt mórauð en engir yrðlingar fundust. Leitað var á öllum hefðbundnum grenstæðum auk þess sem allir aðrir mögulegir felustaðir voru kannaðir. Samið var við landvörð Umhverfisstofnunar, Borea adventures (sem er þar með búðir) og landeigendur að Höfn, um að fylgjast með hvort sæist til yrðlinga. Mikið er af fólki á þessu svæði enda miðstöð landvarðar og stærsta tjaldsvæðið. Ekkert af dýrunum sem sást var kvendýr og hvergi var að sjá nein ummerki um greni í ábúð að Höfn þetta árið.



Mynd 18. Tvö dýranna sem sáust í Höfn í lok júní. Bæði eru karldýr af mórauðu litaafbrigði. Það vinstra er enn með hluta af vetrarfeldi á síðum og skotti en það sem er hægra megin er vel farið úr feldi, sem er merki um gott ástand. Sá síðarnefndi kom á hverjum degi og fór á milli tjalda óhræddur. Þriðja dýrið kom sjaldnar en það var enn með talsvert af vetrarfeldi og afar sérstakt í andliti, líkast hýenu.

Í Rekavík bak Höfn var eitt greni í ábúð, foreldrar bæði mórauð og að minnsta kosti sex mórauðir yrðlingar. Þau héldu að mestu til í fjörunni en ekki á hefðbundnu grenstæði og virtust sækja fæðuna að mestu úr fjörunni. Af saursýnum að dæma voru þau aðallega að éta marflær og þangflugulirfur. Ekki sást til hlaupadýra í Rekavík en oft halda þau til við Tröllakamb og þar eru stundum hjálparlæður á grenjum þó ekki hafi sú verið raunin í ár.



Mynd 19. Mórauður steggur með yrðlingum sínum í fæðuleit í fjörunni í Rekavík. Af saursýnum að dæma voru þau mest að éta marflær og þangflugulirfur. Mynd: Caroline Weir.

Í Hvannadal var eitt greni í ábúð en foreldrarnir voru mjög varir um sig og náðust ekki á mynd. Þar er glæsileg aðstaða fyrir refi, næg grenstæði og aðgangur að bjargfugli. Þau dýr sem sást til úr sjónauka voru vel haldin og hraustleg að sjá, en óvenjulega stygg og vör um sig. Því gáfu þau ekki færi á að kalla út yrðlinga í þann tíma sem beðið var.

Farið var á Hælavíkurbjarg upp Hvannadalinn en sú leið er mjög brött og oft þokukennd. Enginn eiginlegur stígur liggur þar upp, né uppi á bjargbrúninni og því ekki hægt að mæla með þessari leið fyrir ferðamenn.



Mynd 20. Hvannadalur, Hvannadalstindur og Festaskörð í Hælavíkurbjargi en í fjörunni undir þeim er Heljarurð. Fram úr Hvannadal eru berggangarnir Kirfi (nær) og Langikambur (fjær) og úti á sjónum er Súlnastapi. Leiðin upp úr Hvannadal er brött og enginn eiginlegur stígur þar upp.

Þegar komið var upp á brún Hvannadals, við Festarskörð, mætti ég mórauðum stegg sem var vel haldinn og virtist vera grensteggur. Hann var einn á ferð og merkti mikið og gaggaði eins og alvöru óðalsbóndi. Grenið við Festarskörð var ekki í ábúð og nýlegt greni sem fannst þarna fyrir nokkrum árum ekki heldur. Leitað var að greni í ábúð á svæðinu frá brúninni og allt að Hvannadalsvatni en án árangurs. Gengið var eftir brún að Sigmundarfelli og fram á Axlir og þaðan að Tryppabrekku og fram á Núp. Farið var á sex önnur greni á Hælavíkurbjargi og var aðeins eitt þeirra í ábúð, nyrst á bjarginu. Reyndar voru tvö samliggjandi greni notuð og sirka 30-50 metrar á milli þeirra. Báðir foreldrarnir voru af mórauðum lit og vör um sig, sem er óvenjulegt því yfirleitt eru dýrin þarna óvön mannaferðum og láta ekki koma sér úr jafnvægi. Ekki sást til yrðlinganna enda gáfu foreldrarnir ekki kost á því, þeim var ekki hleypt út tímum saman. Af fæðuleyfum við grenin mátti sjá nýleg hræ fýla, ritu, langvíu og stuttnefju. Mikill aðburður var við bæði grenin og ekki virtist væsa um dýrin sem þar bjuggu. Meðan beðið var við fremra grenið kom læðan þar að með nýveiddan fýl í kjaftinum. Hún losaði sig við það og skokkaði samferða mér framhjá hinu greninu og alla leið fram brekkurnar og niður að sjó. Óðal þeirra náði því alla leið upp á mitt bjargið og niður að sjó, sannkallað ríkidæmi.



Mynd 21. Á brún Hælavíkurbjargs er gjarnan þokukennt og hvasst og enginn greinilegur stígur en jarðvegur er lítill sem enginn.

Niðri í Hælavík var leitað á grenjum á tveimur þekktum óðulum og voru þau bæði í ábúð. Ekki sást til fullorðinna dýra við Hælavíkurbæinn og yrðlingar of gamlir til að hægt væri að kalla þá út en þeir heyrðust urra inni í holum grenisins. Við Skálakambinn voru báðir foreldrarnir af mórauðum lit og þar var læðan á vappi og ekki hægt að kalla í yrðlinga. Greinilegt var að dýrin í Hælavík gátu sótt fæðu í bjargið, samanber nýleg hræ bjargfugla, þó þau væru staðsett niðri við sjó. Óðalið er stórt og möguleiki á að mórauði steggurinn sem sást uppi á bjargi, ofan Hvannadalsvatns hafi verið þaðan.

Handan árinna, undir Skálakambi er fæðan bæði úr klettum og fjöru. Á þessu greni fannst einn haus af máf, auk fýls, en aðburður var talsvert meiri en á greninu við Hælavíkurbæinn. Hafa dýr beggja vegna Almenninga (þarna og í Hlöðuvík) sérhæft sig í að veiða máfa og sést hefur til eins þeirra bera nýdrepinn svartbak heim á greni.



Mynd 22. Í fjörinni í Hælavík, horft í norður, til Hælavíkurbjargs.

Ágúst

Dvalið var að Höfn og farið á bjargið daglega, ýmist gangandi og þá Ósinn vaðinn við Kýrvað, eða fengið far á gúmmíbáti með tökuliði BBC. Tvö mórauð dýr voru að þvælast um á tjaldsvæðinu en fregnir bárust um að einn yrðlingur hafi sést í fylgd fullorðins dýrs fyrir nokkrum dögum. Á þessum tíma eru sumir yrðlingar orðnir nærri fullvaxnir og ekki auðvelt að greina þá frá fullorðnum dýrum. Landeigandi að Höfn, sem hafði gefið refum afganga að mat sagði að maturinn væri ekki snertur dögum saman. Hún og hennar fjölskylda höfðu ekki orðið vör við neina yrðlinga og einungis séð tvö dýr á svæðinu það sem af var sumars.

Farið var á öll óðulin sem höfðu verið í ábúð í Hornvík í júní og athugað með afkomu yrðlinga. Við Hornána, á óðali 17 voru tveir yrðlingar á lífi, af þeim fimm sem sáust þar í júní. Bæði foreldrar og yrðlingar voru mjög spök og mikið mynduð af ferðamönnum sem tjölduðu eða áðu við Hornána þetta sumarið.

Við hornbæina var campden parið enn með allt að þrjá yrðlinga á lífi af sjö. Steggurinn hélt sig við húsin og var yfirleitt einn eða tveir yrðlingar með honum. Læðan var meira í holtinu undir Múla og einn eða tveir yrðlingar með henni. Annar þeirra hélt til í holtinu eða niðri í fjöru og vildi ekkert hafa með mannfólk að gera. Hann virtist mjög sjálfstæður og sást oft á berjamó eða að éta lirfur og jafnvel kóngulær.

Uppi í Ystadal var mórauða parið enn með fjóra yrðlinga og þeir héldu sig með stegnum á stígnum uppi á dalbrúninni. Mjög mikið var tekið af myndum af þessum yrðlingum en mamman lét helst ekki

sjá sig. Þeir voru orðnir nærri því jafnstórir og pabbinn en einn var áberandi minni en hinir og eyra annars var rífið, kannski eftir áflog við systkini sín.

Í Miðdal var blandaða parið enn til staðar og fimm yrðlingar sáust, af þeim sjö sem voru þar í júní. Foreldrarnir voru enn talsvert vör um sig, sérstaklega læðan, en yrðlingarnir voru óhræddir. Þeir fóru talsvert langt frá greninu og erfitt að skilja hvernig foreldrarnir fundu þá til að gefa þeim mat. Einn yrðlingurinn, sá hvíti, var aðalsöguhetja í heimildarmynd BBC og fylgdust tökumenn vel með fjölskyldunni fyrstu dagana í ágúst.



Mynd 23. Sá hvíti í Miðdal gerði sér ferð upp að setustað mínum í ágústbyrjun en hann var aðalpersóna í heimildarmynd sem er hluti að þáttaröðinni First Year on Earth sem verður sýndur á BBC á næsta ári. Ljósmynd: Ellis Roberts @BBC Natural History Unit

Undir Kálfatindum í Innstadal var ástandið ekki eins gott, hvíta gamla læðan sást hvergi en nýr tökumaður frá Tigrressfilms sá mórauða stegginn og eitthvað annað dýr sem hann taldi vera yrðling. Ég fór á grenið og fann ekkert en fann einn mórauðan yrðling á öðru greni innan óðalsins, hann var styggur og svo heyrði ég í öðrum þar inni. Ég eyddi stórum hluta vikunnar á þessu svæði til að reyna að sjá læðuna og yrðlingana. Ekkert sást til hennar og lítil ummerki voru hjá yrðlingunum, enginn skítur eða hræ, ekkert traðk og ekkert fullorðið dýr á ferð með bráð í kjafti. Nágrannarnir úr Miðdal fóru alla leið að grenstæðum óðalsins, bæði fullorðnu dýrin og yrðlingarnir. Óvíst var hvað yrði um þessa tvo yrðlinga ef foreldrarnir voru ekki lengur að sinna þeim.

Hinumegin Innstadals, við Almenna og Harðviðrisgjá voru yrðlingarnir orðnir jafnstórir og fullorðnu dýrin í júlí. Ekkert sást til þeirra í ágúst en þetta óðal er erfitt til að meta afdrif yrðlinga því þeir hafa viðamikið svæði að fela sig í. Dögunarfellið er stórt og norðurhlið þess er mosavaxin og grýtt með stórrí skál og klettum að ofan og neðan. Svæðið er sérstaklega þokukennt og ekki góð yfirsýn til að fylgjast með ferðum dýra úr fjarlægð. Afar sennilegt er að í það minnsta helmingur yrðlinganna frá því í vor hafi enn verið á lífi í ágúst, þó það fengist ekki staðfest að þessu sinni. Var talsvert miklum tíma eytt í Innstadal í ágúst, til að kanna afdrif yrðlinganna þar en án mikils árangurs.

September

Dvalið var í Stíghsúsi að Horni í boði landeigenda og húsráðenda. Ferðina greiddi BBC og þessir fáu dagar nýttir til að meta afkomu yrðlinga. Fyrst var farið upp í Miðdal og þar voru allt að fimm yrðlingar eftir, þar á meðal sá hvíti. Þeir notuðu aðallega svæðið frá miðri bjargbrún og yfir til Kálfatinda en fóru einnig yfir í skálina sunnan Kálfatinda, í Innstadal. Þar er óðal gömlu læðunnar sem var þar með fjóra yrðlinga í vor en tveir voru eftir í ágúst. Eftir nokkra eftirgrennslan virtust þeir horfnir núna og læðan reyndar líka.

Ferðalangur sem hafði lent í hrakningum í meira en níu klukkutíma kom til okkar að kvöld þess 12. og þurfti að komast í Veiðileysufjörð til að ná báti næsta dag. Ég fór með henni og nýtti ferðina til að athuga með refi við Höfn og svo ganga meðfram Ósnum og fjörunni til baka að Horni. Við vorum fluttar yfir vikina á gúmmíbáti og svo gengum við upp í Hafnarskarð. Ekki sáust neinir refir á leiðinni en nýlegur skítur var við Höfn. Gekk svo yfir Háumela og að Kýrvaði þar sem ég fór yfir. Svo meðfram ósnum en sá enga refi fyrr en ég kom að Hornánni. Þar voru enn tvö mórauð dýr af óðali 17 en engir yrðlingar sáust þar nærri. Eina dýrið sem var eftir við húsin var mórauði steggurinn af campden, hann var jafn spakur og áður en hvergi sást til yrðlinga.



Mynd 24. Ester á leiðinni upp stíginn í Múlaöxlum, áleiðis að Kálfatindum í september. Gróðurinn var farinn að visna eilítið en þoka og rigning einkennu veðurfarið á þessum tíma.

Vegna slæmrar veðurspár var ferðinni til baka flýtt og kom lítil flugvél að sækja Colin, mér bauðst far með henni til Ísafjarðar og þáði það. Hinir þurftu að koma hinum mikla farangri um borð í bát sem kom seint um kvöldið.

Upplýsingar frá öðrum

HIÖÐUVÍK Í JÚLÍ

Hólmfríður Sigþórsdóttir líffræðingur, sem dvaldi sumarlangt við refarannsóknir í HIÖÐUVÍK árið 1998, fór í HIÖÐUVÍK í eina viku í byrjun júlí. Hún fór á þekkt greni í HIÖÐUVÍK auk þess að heimsækja Hælavík.

Hefðbundin greni virtust ekki vera í ábúð í Hlöðuvík, engin merki voru um yrðlinga og ekkert sást til refa þá viku sem hópurinn dvaldi þar. Í ljós kom að ferðahópur með hund hafði verið í víkinni vikuna á undan og sást hundaspor við eitt grenið. Eini refurinn sem sást alla vikuna var mórauða læðan í sunnanverðri Hælavík, en hún mætti hópnum á leið niður í víkina.

Veiðileysufjörður

Elma Benediktsdóttir ljósmyndari hefur farið í Veiðileysufjörð á hverju sumri í meira en áratug og fylgst með refum þar. Hún á margar ljósmyndir af refum á því svæði og á þeim má sjá að sömu grendýrin hafa verið á þessu svæði ár eftir ár. Einn steggurinn er með áberandi ör undir auga og hann hefur verið á svæðinu í að minnsta kosti sjö ár. Er það lengsta tímabil sem vitað er af sama grendýrinu innan friðlandsins og er þessi steggur mögulega með elstu refum landsins. Í ár voru, að sögn Elmu, þrjú fullorðin dýr á svæðinu og eitt greni í ábúð, svipað og árin á undan. Ekki var víst hvort gamli steggurinn var faðir yrðlinganna eða annað karldýr sem var þarna líka. Elma tók eftir því að yrðlingur hafði dottið ofan í djúpa holu þar sem áður hafði verið kamar en hann fauk í burtu. Yrðlingurinn var dauður en Elma og samferðamaður hennar tóku sig til og byrgðu holuna, til að koma í veg fyrir frekari slys.



Mynd 25. Gamli steggurinn sem Elma hefur fylgst með í Veiðileysufirði. Hann er hugsanlega meira en átta ára gamall og hún taldi ekki að hann hafi verið faðir að yrðlingum þetta sumar.

Í júlíbyrjun flutti læðan yrðlingana á milli grenja innan óðalsins og náði Elma mynd af því. Sú mynd rataði á síður blaðanna, enda mjög falleg og vel tekin. Sú mynd og umræðan í kjölfarið, varð til þess að ástæða þótti til að ítreka mikilvægi þess að fólk gæti þess að elta ekki uppi refi og sýni aðgát á grenjatíma. Var þá ekki ætlunin að koma höggi á Elmu og aðra ljósmyndara í hennar stöðu heldur benda á hversu algengt það er orðið að dýrin fái ekki frið til að sinna afkvæmum sínum og eigin þörfum á þessum viðkvæma árstíma. Ástæða var til að biðja Elmu afsökunar enda hefur hún ávallt gætt þess að trufla ekki dýrin og hefur bundist þeim tryggðarböndum.



Mynd 26. Mynd Elmu af læðunni að bera yrðling yfir á í Veiðileysufirði síðastliðið sumar.

Gögn Elmu eru mikilvæg þar sem engin eiginleg vöktun fer fram í Jökulfjörðum. Meðal þess sem Elma hefur fundið er hauskúpa af ref, sem hún sýndi okkur en á henni eru göt eftir haglaskot. Jafnframt sést að svæðið fremst á kjálka og allar framtennur hefur vantað í dýrið, sem var líklega árgamalt þegar það drapst. Ekki sést hve langt er síðan dýrið var skotið en refir hafa verið friðaðir á Hornströndum frá árinu 1995.



Mynd 27. Greinileg skotgöt eru á hauskúpunni, bæði ofan á ennisblaði og aftan á hnakka. Ljósmynd: Elma Benediksdóttir

Hesteyri

Phil Garcia ljósmyndari hefur dvalið á Hesteyri undanfarin sumur og fylgst með refaferðum. Hann hefur áður aðstoðað við refavöktun á Hornströndum og sendi okkur eftirfarandi upplýsingar frá síðastliðnu sumri:

Ástand refanna virtist með lakara mót, miðað við undanfarin ár. Sumarið 2017 voru átta refir á svæðinu, þar af þrjú pör með greni í ábúð: í þorpinu var eitt par, mórauð læða og hvítur steggur, mórautt par var nálægt hvalstöðinni og þriðja parið, mórautt, var utan við tjaldsvæðið. Í ár (2018) sáust fimm mórauð dýr á svæðinu, þar af eitt par með yrðlinga við hvalstöðina og eitt á leiðinni að Sléttu (grenið fannst ekki). Fimmta dýrið var hlaupadýr sem hélt til í þorpinu en sá hvíti frá fyrra ári sást hvergi. Parið við hvalstöðina var með þrjú yrðlinga, einn var mjög stór og einn mjög smár.

Öll dýrin voru vör um sig og hlupu í burtu ef fólk kom nær þeim en 200 metra, sem var líka ólíkt því sem var árið 2017 þegar flest dýrin voru spök. Af samtölum Phil við heimamenn að dæma var talið að óprúttnir aðilar hafi komið síðla vetrar og skotið refi á svæðinu. Þótti undarlegt að 3-4 refir væru horfnir af svæðinu, þar á meðal óðalspar í góðu ástandi, þrátt fyrir ágætis fæðuskilyrði. Phil fannst einnig athyglisvert að ekkert par tók yfir lausa óðalið í þorpinu.



Mynd 28. Yrðlingarnir á Hesteyri í júlí en gríðarlegur stærðarmunur var á þeim. Sá litli lítur ekki út fyrir að lifa af sumarið. Ljósmynd: Phil Garcia.

Kvíar

Þrjú mórauð fullorðin dýr voru á svæðinu bæði í mars og yfir sumarið og eitt hvítt sem hélt sig aðallega vestur með ströndinni. Það hvíta sást aldrei við húsið en kom inn ströndina, þó aldrei alla leið að Kvíum. Ekki var farið á greni til að athuga með ábúð en vitað var um eitt greni í skriðu vestur með ströndinni og sáu tveir gestir nokkra yrðlinga þar og tveir yrðlingar komu að Kvíum seinnipart sumars.



Mynd 29. Mórauður refur í snjó og stormi að Kvíum í mars. ljósmynd: Phil Garcia.

Önnur spendýr:

Þann 20.3. sáu þrjú háhyrningar í Hornvík en þeir fóru hratt og voru bara nokkrar mínútur áður en þeir hurfu á brott til sjávar.

Höfrungar, hrefna og hnúfubakar sáu á leiðinni yfir Djúp og norður í víkur, bæði í mars og á ferðum yfir sumarið, einnig sáu hvalir í septemberbyrjun.


Landselir sáu nær daglega á sjónum í Hornvík í öllum ferðum. Einn daginn í mars voru átta saman í hópi en yfirleitt voru þetta stök dýr eða 2-3 saman. Stórir steinar sem standa upp úr á fjöru voru gjarnan setnir af sel. Útselur sát á svamli út fyrir Núpnum í júní en annars sát ekki til útsels.

Hagamýs veiddust í Stígshúsi í mars, alls 10 stykki, þar af tvær sem voru étnar meðan þær voru fastar í gildrunni.

Hvalshauskúpa, svört af fitu en holdlaus, var í fjörunni við Skipaklett. Líklega er þetta hauskúpa af hnúfubaki sem rak á land vestar á Hornströndum fyrir einu eða tveimur árum.

Fugladagbók

Í mars sáu aðallega fuglar á sjónum og voru stórir flekkir bjargfugla í Djúpinu og undir björgunum alla leið norður í Hornvík. Mikið líf virtist í sjónum og sást til höfrunga og stærri hvala. Klaki var í flestum björgum og fugl ekki sestur upp en Súlnastapi var auður og þar var komið talsvert af fugli: álku, langvíu, stuttnefju og fýl.



Mynd 30. Til vinstri: Konrad Wothe um borð í Bjarnarnesi framan við Súlnastapa, aftar sést í Hælavíkurbjarg, þann 13. mars. Til hægri: Fýll var sestur upp, álkur og langvíur sátu ofan á stapanum en hvorki stuttnefjur né ritur voru komnar á þurrt. Ljósmynd af fuglum: Axel Kelm.

Þann 12. mars var fjaran gengin frá Horni að Grænanesi (~2km) og sáu 24 straumendur (þar af 10 kollur), 16 hávellur (8 pör), himbrimi, 50-60 æðarfuglar (kvk og/eða ungir), 25 fýlar í klettum við Grænanes, 2 hvítmáfar og 2 svartbakar. Spor voru í sandinum í fjörunni eftir snjótittlinga. Nokkrir vaðfuglar sáu í fjörunni úr fjarlægð, litu út fyrir að vera sendlingar og tildrur (<10 af hvoru). Þann 15. var aftur gengið en nú lengra inn víkina, meðfram Ósnum alla leið að Kýrá. Þá sáu um 100 sendlingar í fjörunni, mikið brim var og klakabrynja á fossi og í klettum við Grænanes. Sandur var ofan á snjónum lengst inn víkina, bara nokkrir fýlar sestir þar upp og tveir hrafnar sáu á flugi. Þann 16. var farið upp í Innstadal og kíkt ofan í Harðvirðisgjá, þar sem auðvelt er að sjá bjargfugla. Var þá kominn fýll og langvía en ritan ekki sest upp, þó heyrðist í ritum á flugi uppi við bjargbrún. Gengið yfir í Miðdal um Múla og farið fram á brún. Þar var það sama, langvía og fýll sást í bjarginu en ritan ekki sest, bara á flugi. Hrafnslaupur í bjarginu fokinn og ekki búið að endurnýja hann. Þann 17.3. sást músarrindill undir Stígshúsi, Axel Kelm tók mynd af honum. Þann 17.3. var 8°C og rigning, farið upp í bjarg og nú voru ritur sestar upp, teknar myndir af þeim í Svaðagjá. Þá sáu stuttnefjur líka en fram að þessu höfðu bara sést langvíur. Þann 18. flugu stórir flokkar af ritu af sjónum upp dalina og út á bjarg. Þann 19.3. sáu hrafnar með efnivið í goggi við Landhyllu fremst á láglandinu undir Núpnem að Horni. Strandveiðibátur kom inn víkina um hádegi og dólaði þar til klukkan 14. Greinilega var verið að gera að um borð og voru allt að 100 fýlar á sveimi umhverfis bátinn. Gengið meðfram ströndinni frá Horni, að og meðfram Ósnum, allt að Kýránni. Við Grænanes voru hrafnar uppteknir við að bera efni í laupinn, sem er gamall og stór.

Klakinn að bráðna af klettunum og fossinn að brjóta sig. Þann 20.3. sáuust fjórar álftrir koma fljúgandi inn vikina. Settust þær í hlíðina ofan við húsin að Horni og voru í nokkra klukkutíma. Þann 21. mars sáuust hrafnar í bjarginu 2 og 2 saman og yfirleitt með hreiðurefni í goggi. Þar í Miðdal v. Svaðagjá, eitt í Innstadal, nálægt brún undir Kálfatindum og eitt í Skófnabergi. Fugl virtist almennt sestur upp í bjarginu þegar farið var af svæðinu.



Mynd 31. Við Grænanes í mars. Klaki er víða í klettum þar sem fyll verpur og voru nokkrir sestir upp á auðum syllum. Sandurinn þakti snjóinn og vart hægt að sjá mun á svörtum snjónum og fjörunni. Ljósmynd: Ingvi Stígsson.

Þó fuglar hafi verið sestir upp í bjargið í mars virtist aðgangur refa að varpfuglum ekki vera nema í meðallagi um vorið. Það sést helst á því að lítið var um egg heima við grenin og hvorki meira né minna um eggjaskurn á bjarginu en áður. Þau egg sem aðallega voru étin voru fýlseggi og egg langvíu, minna af ritueggjum eða öðru. Meðal ferskra fæðuleyfa á grenjum í Hornbjargi og Hælavíkurbjargi var algengast að sjá fýl, ritu og svartfugl, mest var af fýl og ritu. Úr dagbók: 20.6. Greni 9 í Ystadal: þrjár fýlseggjaskurnir og rotið langvíuhræ. Greni 8 við Landhyllu undir Núpi: eitt rituhræ, fjögur rituegg og fjögur smærri, litlu ljósari en svipað brúndröfnótt mynstur (Mynd 32). Almennt var lítið um sýnilegar fæðuleyfar á grenjum fyrr en í byrjun júlí. Læðurnar voru mikið til inni við fram í lok júní og á tveimur stöðum var mest notast við holur „handan bjargbrúnar“ til að fara inn og út. Þann 20.6. sáuust refur færa yrðlingum sínum fýl annars vegar og svartfugl (ógr.) hinsvegar, á greni við Almanningaskarð. Þann 21.6. sáuust steggur færa yrðlingum sínum rituegg á greni við bjargbrún undir Kálfatindum í Innstadal. Sama dag sáuust læðan koma nokkru seinna með nýveiddan fýl. Þann 25.6. kom annað grendýrið með langvíu að stígshúsi og færði yrðlingum sem héldu til þar undir. Enginn yrðlingur var þar enda parið búið að færa þá annað, hræið var hauslaust en ferskt. Sett var myndavél þar upp og um kvöldið kom steggurinn og tók fuglinn og fór með hann. Við Stígshús og við Hornána sáuust grendýrin oftast bera einhverskonar

fisk upp að greni til yrðlinganna. Í Miðdal þann 8.8. kom steggur með ritu í kjafti og ber í yrðlingana ofan vatnsins.

Ritan var fyrirferðamest (mesti fjöldi og hljóð) bjargfugla þó hún hafi sest seinast upp í mars. Fýll var algengastur í Kálfatindum og hann var líka efst í bjarginu, ásamt ritunni. Tvisvar á dag settust hundruð af ritum á Miðdalsvatn með skvettum og látum. Ritan fór líka í flokkum í uppbornaðar tjarnir til að ná í drullu af botninum til að setja í hreiður. Stundum sitja refir fyrir þeim en þær eru yfirleitt margar saman og þeim mistekst. Svartfugl settist í stórum hópum í ræmur og skorur í bjarginu og einnig á nokkrum hefðbundnum syllum, þar sem refir eiga erfitt með að komast að. Tegundirnar héldu sig afmarkað og var flekkurinn yfirleitt annaðhvort langvíur eða stuttnefjur. Ekki sást í álkur efst í bjarginu en hægt var að koma auga á þær (og einnig lunda) með sjónauka úr Svaðagjá og í kverk í Ystadal, þar sem heitir Göngubjarg. Álkur voru í álíka fjölda og aðrir svartfuglar (langvíur og stuttnefjur) í Súlnastapa en þar voru auk þess ritur og fýlar. Lundi var sjaldséður nema í Kirfi, sem er annar berggangurinn sem liggur út í sjó frá Hvannadal vestanmegin í Hornvík. Þar er líka talsvert af álkum, auk annarra bjargfugla. Hvítmáfar voru víða á flugi efst í bjargi, bæði Hornbjargi og Hælavíkurbjargi en þeir verpa neðar í björgunum og klettum undir þeim. Svartbakur sést yfirleitt ekki í Hornbjargi en hann sást gjarnan í pörum við sjávarsíðuna við Hornvíkurósinn og í Rekavík bak Höfn, ásamt hvítmáfum.



Mynd 32. Meðal þess sem refir báru heim á greni í júní voru egg ritu og teistu og fullorðnir fýlar.

Sjávarfalla gætir við Hafnarósinn og þurrt er á stórum flekkjum langt inn með honum, allt að 500-600 metra frá sjó. Máfar og aðrir fuglar flykkjast á þetta svæði til að baða sig og þurrka og þar geta verið þúsund ritur og 2-300 máfar á góðum degi. Á þessu svæði eru einnig tveir skúmar, sem hafa haldið sig þarna undanfarin ár. Þeir hafa nokkrum sinnum sést á hreiðri nálægt ármótum Óssins og Kýrár en aldrei hefur sést til unga síðsumars. Hrafnar voru með varp þar sem sást til undir Núpnum, einhversstaðar í Miðfelli nálægt Svaðagjá, ofan við grenið efst á bjargbrúninni í Innstadal (undir í Kálfatindum) og efst í Skófnabergi fyrir ofan grenið við Almenningskarð. Sást hrafn koma með stálpaðan rituunga í gogginum að hreiðrinu undir Kálfatindum, var það nokkuð tilþrifamikil sjón. Af smáfuglum bar mest á þúfutittlingi og sólskríkju sem sáust frá láglandi og alla leið upp á bjarg. Allt að fjögur pör skógarþrasta voru með varp við húsin að Horni. Steindepill virtist í meiri fjölda en undanfarin ár og var þar með hreiðurstæla við allar stórgrýttar skriður. Hrossagaukurinn, sem hefur verið algengasti mófuglinn á túnunum við Hornbæina, virtist einnig hafa flutt sig upp á bjarg. Fyrir utan 3-4 pör sem urpu á láglandinu voru að minnsta kosti fjögur pör hrossagauka uppi í Miðdal og tvö í Innstadal. Þeir héldu sig þar uppi fram í september og einnig sáust um 40-50 skógarprestir í hvönninni uppi á bjargbrún í september. Maríuerla sást í einhverjum mæli uppi í Ystadal <10 fuglar og í klettum við Grænanes ~10 fuglar. Í fjörunni frá Horni og að Ósnum sáust aðallega sendlingar og sandlóur í fæðuleit og stöku sólskríkjur. Einnig voru æður og tugir straumanda við Skipaklett og fjölgaði þeim eftir sem leið á sumarið. Í ágústbyrjun voru straumendurnar orðnar allt að 200 en æðaflekkirnir eru mis nálægt fjörunni og út í vikinni, allt að 1000 fuglar. Kynjaskipting fór nær 50% eftir því sem leið á sumarið en í byrjun voru þetta aðallega steggir og ungfuglar. Teistur sáust alltaf af og til á sjónum, mis-langt frá landi. Himbrimi var með tvo unga 23. júní og skrækta og fylgdist með þegar tveir skúmar voru að drekkja fullorðinni ritu, nálægt flæðarmálinu. Stakur lómur sást á tjörn inni í vikinni í júnílok en ekki er vitað með varp. Í ágúst sáust nokkrir lómar saman við flæðarmálið nálægt Höfn, ekki var hægt að sjá hvort einhverjir þeirra væru ungar frá sumrinu.



Mynd 33. Algengt var að sjá teistur á sjónum, sérstaklega við Skipaklett eða við Hafnarbás. Yfirleitt voru þetta stakir fuglar eða örfáir saman. Teistan verpur í lægri klettum og sést því ekki á Hornbjargi, hvorki lifandi né sem bráð refa.

Á Miðdalsvatni voru tvær álfir allt sumarið og tveir stokkandarsteggir sáust þar í júní. Í byrjun ágúst sást svo stokkandarpar með fjóra pínulitla unga á vatninu. Í hrafnslaupi við Grænanes sáust að minnsta kosti tveir ungar þann 26.6. Þó nokkur ummerki voru eftir fálka og í flestum tilfellum virtist hann veiða ritu sér til matar. Ekki var leitað eftir hreiðri en helst sáust þeir í Innstadal, við Skófnaberg og í Kálfatindum í Miðdal.

Þann 26.6. sást æðarkolla í flæðarmáli v Hornána með stálpaðan unga, hann var stærri en straumönd en samt dúnaður. Nokkrir minni æðarungar sáust einnig, með um 40 æðarfuglum, meirihluti þeirra var blikar.



Mynd 34. Hrafnungar í laupnum við Grænanes. Myndin er tekin 26. júní en þá voru hrafnungar í bjarginu flognir úr hreiðrinu. Þessir hrafnar voru því mun seinna á ferðinni með varp en hinir, þó þeir hafi átt tilbúinn laup og sést hafi verið til þeirra að snurfusa hann í mars. Refir sem hafa átt óðal á þessu svæði hafa einnig verið með minni og færri yrðlinga en önnur pör. Líklega eru gæði óðalsins slæm fyrir báðar tegundir því fæðan er af svipuðum toga. Ljósmynd: Caroline Weir.

Inni í vikinni er mikið vatnasvæði þar sem árnar mætast og votlent fram á sanda. Þar eru lómar og óðinshanar á tjörnum og varp álfra, æðarfugla og stokkanda. Vestan megin í Hornvík, allt fram að Hafnarbás, er sendnara en þar eru jafnframt mýrarflákar innar. Þar er talsvert spóa- og kjóavarp en einnig heiðlóa og mikið um þúfutittling. Í holtum vestanmegin er samfelldur gróður og þurrhent og grýttar skriður víða. Þar verpa heiðlóur og þúfutittlingar en sólskríkjur og steindeplar í skriðum.



Mynd 35. Steindepill með pöddu í gogginum á grjótskriðu við Hafnarbás.

Undanfarin ár hefur undirrituð gengið ferhyrnt snið frá Slysavarnarskýlinu í Hafnarbás og beina línu til suðurs, að melarskriðu sem er sunnan við Háumela um 1,5km frá sjó, þaðan til austurs að Ósnum og meðfram honum til sjávar, eftir fjörunni aftur til baka að Hafnarbás. Á þessari göngu, sem tekur rúmlega klukkustund, eru taldir upp fuglar sem sjást og heyrast. Leiðinni er skipt upp í 14 stöðvar sem skráðar eru með GPS og tegundir listaðar sem sjást á milli þeirra. Farið var þessa leið laugardaginn 30. júní, gengin fimmtíu skref í einu, horft, skannað með sjónauka og hlustað. Sú tegund sem sást nánast allan tímann og er lang algengust er þúfutittlingur (43 taldir frá SVFÍ að Háumelum) en sólskríkja var alls staðar í holtum (11 taldar að Háumelum). Í tóttum og við hafnarbæinn var maríuerla og skógarpröstur, amk eitt par af hvorri tegund á hvorum staðnum. Af spóum voru talin sex pör og sáust tveir ungar í byrjun júlí. Ellefu kjóar sáust, þar af fimm ljósir, og sat einn á hreiðri. Hrossagaukar voru átta. Við Ósinn og til sjávar sáust tvær álftrir, þrír óðinshonar, 20 fullorðnir hvítmáfar og 4 stálpaðir, átta fullorðnir svartbakar og 14 stálpaðir og einn skúmur. Handan óssins voru 14 fýlar og þrír hrafnar í hreiðri í klettum, tvær maríuerlur og þrjár sandlóur. Auk þess 12 þúfutittlingar og níu sólskríkjur sem sáust ós-megin leiðarinnar. Lítil hornsíli voru í pollum sem myndast á jöðrum sendinna svæða í Ósnum. Fjaðrabolti fannst við bakka óssins, líkt og fálkaæla að stærð en rúnnaðra og þéttara í sér.

Í flestum tóttum gamalla bæja eru skógarprestir og þeir eru líka við hafnarbæinn, sem er uppgerður og notaður sem sumarhús. Fram með Hafnarbási eru skjólgóðar þangfjörur þar sem algengast er að sjá æðarfugl og óðinshana. Þar sást ein urtönd, fimm óðinshonar og nokkrir tugir æðafugla (um40), um 20 ungar voru með þeim. Af og til heyrðist í stelk en hann sást ekki. Hafnarbás er eini staðurinn í Hornvík þar sem stelkur heldur sig. Þar í hlíðinni er mest af sólskríkjju en einnig sást steindepill og þúfutittlingur enda mikið grjót og skriður en of votlent fyrir aðra mófugla. Þann fyrsta júlí var farið í Reykavík bak Höfn og Hvannadal. Þegar fyrir Hafnarnesið er komið í Tröllakamb og þar eru bergstandar sem á sátu tvö pör

af svartbak, mögulega með hreiður. Einnig voru þar fýll og rita en ritan var í stórum flekk þar sem Rekavíkuráin rennur út í sjó.



Mynd 36. Hluti af rituflekknum þar sem Rekavíkuráin kemur út í sjó.

Í Rekavík bak Höfn voru 40 straumendur á sjónum, þar af 30 blikar. Í þangbunka í fjörunni voru átta fullornir og 10 stálpaðir hvítmáfar að éta lirfur, pöddur og marflær. Tveir hrafnar voru við sömu iðju og í kringum þá flögraði maríuerla. Þarna sjást stundum tjaldar en ekki í þetta skiptið. Uppi í Rekavík voru álftrir á beit, líklega 10 talsins. Seinna sást álíka fjöldi í Hvannadal, væntanlega þær sömu.

Í Hvannadal eru tveir berggangar sem ná langt út í sjó, Langikambur og Kirfi. Eru þeir þéttsetnir af sjófugli og sést vel til Kirfis og Hælavíkurbjargs af Kirfi. Þar er myndavél á vegum Náttúrustofu Norðurlands eystra og Náttúrufræðistofnunar. Christian Gallo, starfsmaður Náttúrustofu Vestfjarða, ásamt öðrum aðila, fór þar um í júlí og sáu þeir tvær súlur fremst í Langakambi. Undirrituð sá súlu á flugi í vikinni í lok júní en var þá stödd að Horni og sá fuglinn með sjónauka. Frá Langakambi má þekkja fugla í Kirfi til tegunda, með góðum sjónauka. Sáust þar lundi, álka, langvía, stuttnefja, rita og fýll.

Samskipti fuglategunda voru yfirleitt tíðindalítil fyrir utan spóa og kjóa sem áttu í sífelldum erjum. Skúmurinn var einnig skeinuhættur, fyrir utan að drekkja ritu og éta hana á sjónum, sást hann atast í hvítmáfum við Ósinn.

Innar í vikinni, í byrjun júlí sáust þrjú álfþapör á hreiðri og þrír ungar sáust með fjórum álfþum á Ósnum í byrjun ágúst. Ekki var farið í botn vikurinnar í þetta skipti til að kanna með fuglalíf.

Í Harðviðrisgjá í Innstadal sáust dúnaðir fýlsungar í hreiðrum 4. ágúst en aðrir ungar bjargfugla voru komnir með fjaðrir (ritur og svartfuglar). Fálki sást koma ofan af Skófnabergi með ritu í klónum og flaug með hana niður í dal undir Eilífstindi. Hrafn sem er með laup neðan við bjargbrún í Innstadal, neðan

Kálfatinda, sást sama dag koma með rituunga í gogginum að laupnum og setjast þar. Heyrðist mikið garg og líklega stálpaðir ungar sem fengu að gæða sér á fengnum.

Þann 5. ágúst var aftur gengið sniðið frá Hafnarbás, suður fyrir Háumela að Ósnum og niður að sjó og þaðan til baka að Hafnarbási. Á leiðinni sást fjórir kjóar, þar af tveir hvítir, fjórir spóar, ein heiðlóa og tveir hrossagaukar. Auk þess tugir af þúfutittlingum og nokkrar sólskríkjur. Við Kýrvað voru tveir skúmar og 45 máfar sem flugu upp að hluta til. Á Hornvíkurósnum við Standavað voru 42 hvítmáfar, 34 svartbakar og 24 ógreindir ungir máfar (sumir þeir sömu og höfðu flogið upp innar) en auk þess einn helsingi. Tveir steindeplar sást á steinum nálægt standavaði. Á svæðinu frá Skipakletti að Hornánni voru um 600 æðarfuglar á sjónum (60% kvenf. og ungir) og nokkrir tugir mis-stálpaðra unga frá sumrinu (þar af fimm enn dúnaðir). Um 100 straumendur í felli, fjórir dílaskarfar, álfapar með þrjá dúnaða unga og 15 teistur.

Þann 6. ágúst er skráð í dagbók, fuglar að Höfn: stelkur, hrossagaukur, skógarpröstur, sólskríkjur, þúfutittlingur. Þann dag sást stökkandarkolla með sex pínulitla unga á Miðdalsvatni. Stálpaðir hrafnsungar heyrðust skrækjandi í Jörundi, fleygir. Þann 7.8. var setið uppi á Múla í svartapöku og heyrðist í fálkum í Kálfatindum, einnig í hvítmáfum uppi á bjargi Innstadalsmegin.

Þann 8. ágúst er skráð í dagbók úr Miðdal: ath amk eitt þar af fálkum með 1-2 unga og 3-4 pör af hröfnum, þar er átt við allt Hornbjargið. Þann 9. er skráð frá stíg undir Kálfatindum: fjaðrahúga af ritu, fálki? Og svo „heyri í fálka uppi í þokunni, allt í steinum með hvítu fálkadriti“. Uppi við Tindahvolf eru 15 hrafnar í berjamó. Seinna er farið á Múla og þar finnast nýlegar leifar af hræi rituunga (Mynd).

Í dagbók er skráð þann 10. september: Álfirnar tvær á beit í dalnum, neðst undir Miðfelli, mikið af fýl enn í bjargi, þoka og sést ekki hvort það séu ungar þar enn. Nokkrir hrafnar á sveimi v. vatnið, líklega 4-5 ekki fleiri. Tveir hrossagaukar í hvönninni uppi á bjargi og um 40 skógarprestir, fjórar sólskríkjur og svipað margir þúfutittlingar.

Á vatninu stökkandarpar með fjóra unga. Um kvöldið er skráð að smyrill hafi komið að Stígshúsi og hafði hann verið að atast í þröstum þar fyrr um daginn. Þann 12. sjást fimm margæsir á beit í Múlaskál en flugu upp og inn víkina þegar komið var að þeim.

Farið að Höfn og upp í Hafnarskarð og niður að Kýrvaði og þaðan að Horni þann 13. september. Þá sást þar um 300 margæsir, ýmist á flugi eða sestar til hvílu og átu. Í vikinni sást 14 álfir, þar af að minnsta kosti þrír ungar. Í fjörunni við Grænanes sást tveir svartbakar og 20 ungir máfar. Við Hornána var slatti af straumöndum, æðarfugli og teistum, það var brim. Steindepill sást á grjóti í fjörunni. Mikið var af þröstum í hvönninni við Hornbæina þegar komið var tilbaka um kvöldið.

Þann 14. september sást 45-50 sólskríkjur uppi á Múla og nokkrir hrafnar sást í berjamó í Tindahvolfum.

Þann 14. September var ansi hvasst og þegar farið var upp á bjargið í Miðdalnum sást froða um allt, föst í gróðrinum. Talið var að þetta hefði fokið upp á brún úr briminu í rokinu en þegar heim kom og Erling Ólafsson skordýrafræðingur sá myndir taldi hann þetta geta verið froðutifa. Ekkert sýni var tekið og því ekki hægt að staðfesta að svo hafi verið (Mynd 37).

Lokaorð

Heimsókn í mars gaf til kynna að veturinn hafi verið í meðallagi fyrir dýrin og að hefðbundin óðul yrðu í notkun næsta vor. Eins og oft áður var lítið um æti og refirnir að éta krækling og ýmislegt annað sem hafði skolast á land með brimi. Flest dýrin voru heilbrigð að sjá og engin dauð dýr fundust þó tvö dýr hafi verið í slæmu ástandi. Um leið og fugl settist upp í bjargið voru refirnir minna við fjöruna og meira uppi við grenin, tvö og tvö saman. Svo virtist sem dýrin deildu um yfirráð bestu óðulanna og sættu sig ekki við ef önnur dýr áttu leið þar um. Á þessum tíma leit út fyrir að eitt par yrði í Ystadal, eitt til tvö í Miðdal og tvö í Innstadal. Par sem hélt sig við húsin og var einnig í tilhugalífínu var talið að myndu grenja sig á láglandinu.

Þegar komið var á svæðið í júní voru læðurnar gotnar og ljóst að yrðlingar voru á öllum þeim óðulum í bjarginu sem spáð hafði verið fyrir í mars, fyrir utan eitt. Í stað

tveggja óðala í Miðdal, var aðeins eitt og því voru fjögur óðul í ábúð í bjarginu, sem einnig hafði verið raunin árið áður. Hið einkennilega gerðist að tvö pör voru með yrðlinga niðri á láglandinu og einungis um einn kílómetur á milli þeirra. Möguleiki er á að fullorðnu dýrin hafi verið skyld og því minni togstreita á milli þeirra þó nálægðin hafi verið mikil. Fram að þessu hefur allt þetta svæði ekki dugað til að halda einum yrðlingahópi á lífi, hvað þá tveimur. Munar þá líklega miklu að aðliggjandi greni á láglandi, til suðurs og norðurs, voru ekki í ábúð. Í byrjun ágúst kom í ljós að í báðum grenjunum urðu mikil afföll en yrðlingar voru þó enn á lífi. Í september var þó ekki neinn yrðlingur á sjá hjá öðru parinu og aðeins einn virtist eftir hjá hinu. Á bestu óðulunum uppi á bjargi: 9, 12 og 15, voru óvenju lítil afföll á yrðlingum fram á haustið. Á óðali 14 í Innstadal, hinsvegar, voru allir yrðlingar líklega dauðir í lok sumars. Líklega var það vegna ástands læðunnar og lítillar þátttöku steggsins.



Mynd 37. Froða á gróðri uppi við bjargbrún í Miðdal í september. Mögulega gæti þetta verið froðutifa en engin sýni voru tekin því til staðfestingar.

Á öllum grenjum, bæði á láglandi og uppi á bjarginu hafði verið talsvert um truflun af völdum ferðamanna. Sérstaka athygli vakti að fólk sótti í að vera við grenin yfir nóttina og því fengu dýrin ekki næði til veiða eða hvíldar. Frá miðjum júlí, eftir að yrðlingar voru hættir á spena, virtust dýrin þola meira áreiti. Á þeim tíma eru fjölskyldurnar ekki eins bundin við grenin og yrðlingarnir fara um stærra svæði. Sum dýrin verða styggari en önnur spakari á þessum tíma, til dæmis voru steggurinn og yrðlingarnir í Ystadal alveg slök og héldu til á stígnum í ágúst en læðan ekki. Fjölskyldan í Almannaskarði hinsvegar lét ekki sjá sig síðsumars. Athygli vakti að einn af yrðlingunum við Hornbæina vildi aldrei koma þar sem fólk var og virtist vera sjálfum sér nægur um fæðuöflun, fór bæði á berjamó og kóngulóaveiðar. Í september reyndu yrðlingarnir að sníkja fæðu af foreldrunum en fengu ekkert hjá þeim. Greinilegt var að þá skyldu þeir læra að afla sér fæðu upp á eigin spýtur en fjölskyldan hélt þó enn til á sama svæði þó samskipti væru minni en áður.

Sú fæða sem borin var heim á grenin var yfirleitt rita eða fýll en einnig svartfugl (stuttnefja eða langvía). Þó ekki hafi verið farið í nákvæma talningu hræja á grenjunum seinnihluta sumars, virtist sem minna væri um æti en oft áður. Eftir er að greina gögnin sem safnast hafa verið vegna 12 tíma vöktunarinnar við grenin. Í þeim felst meðal annars hlutfallsleg tíðni heimsóknna foreldranna með fæðu. Verður áhugavert að bera þessa tíðni saman milli ára og sjá hvort munur sé á heimsóknum með fæðu á grenin. Ef svo er, væri áhugavert að sjá hvort munurinn sé tengdur gæðum óðala þar á meðal truflun af völdum ferðamanna.

Mikilvægt er að fá yfirsýn yfir fleiri svæði innan friðlandsins en við komumst yfir að vakta og í því samhengi reyndust Hólmfríður, Elma og Phil góður liðsauki. Auk þess kom vel út að fá ferðaþjóna, landverði og landeigendur (Hafnarbærinn) til að fylgjast með refaferðum. Þessu fólki kann ég bestu þakkir fyrir aðstoð við upplýsingaöflun.

Umhverfis og auðlindaráðuneytið hefur veitt styrki til að fara og halda úti vöktun á refum í friðlandi Hornstranda og er ástæða til að þakka fyrir það. Án þess hefði ekki verið hægt að fara á svæðið og dvelja nógu lengi til að fylgjast með afdrifum refanna. Ferðir ljósmyndara og kvikmyndaleiðangra hafa gert það kleift að fara oft og dvelja á tímum sem annars væri dýrt að fara. Er boð þeirra um samnýting ferða og húsnæðis jafnan þegið en það er umhugsunarefni að þurfa þess, vegna fjárskorts.

Til er hús að Horni, Frímannshús, sem er í einkaeigu en stendur autt mestallt árið. Væri fengur í að hafa aðgang að þessu húsi og samnýta með landvörðum svæðisins. Þá væri hægt að fara árlega með leiðangur vísindamanna og vakta vistkerfi svæðisins í heild með reglubundnum hætti, sem er við hæfi vegna þess hversu norðarlega það er og harðbýlt en þó ríkt af líffræðilegum fjölbreytileika. Hornbjarg og Hælavíkurbjarg eru alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði og með elsta bergi landsins, þau eru umlukin lífríkum fjörum og fjölbreyttur gróður vex allt fram á brún, sérstaklega í Hornbjargi. Heildar rannsókn og vöktun á lífríki Hornvíkur og vistkerfum þar væri gríðarlega áhugaverð, ekki síst í ljósi loftslagsbreytinga og breytinga í hafinu. Þangað til slíkar rannsóknir komast á legg er mikilvægt að samfelld vöktun refa á þessu mikilvæga verndarsvæði þeirra sé tryggð. Þeir tróna á toppnum sem einu fulltrúar landspendýra í efsta hluta fæðukeðjunnar og gegna mikilvægu hlutverki í vistkerfi svæðisins.

Kostnaður

Melrakkasetrið naut ekki styrkjar frá yfirvöldum fyrir vöktun refa á Hornströndum árið 2018 en til var fjármagn vegna styrkjar frá fyrra ári til að mæta kostnaði við ferðir. Kostnaður Melrakkasetursins vegna ferða á Hornstrandir árið 2018 var eftirfarandi:

	2018
Verkþáttur	
Bátsferðir	476.000
Húsaleiga f. sérfræðing og sjálfboðaliða	305.000
Tæki og búnaður	195.000
Fæðiskostnaður (1x vika f. 6 manns og 1x vika fyrir 2)	320.000
Samtals kostn.	1.296.000

Sá kostnaður sem hér er greint frá var greiddur af Melrakkasetri Íslands. Kostnað vegna vinnu sérfræðings á vettvangi, úrvinnslu gagna og skýrsluskrif greiddi Náttúrufræðistofnun Íslands (laun og aðstaða undirritaðrar).

Í áfangaskýrslum fyrri ára hefur verið gerð grein fyrir alþjóðlegum rannsóknum sem gerðar hafa verið á refum innan friðlandsins, ásamt niðurstöðum og öðrum fróðleik sem ekki er ástæða til að endurtaka hér. Undirrituð er reiðubúin til frekari kynningar á náttúru og dýralífi Hornstranda, sé þess óskað.

Garðabær 5. Desember 2018

Ester Rut Unnsteinsdóttir

Helstu heimildir:

- Bocharova N, Treu G, Czirják G.Á., Krone O, Stefanski V, Wibbelt G, Unnsteinsdóttir ER, Hersteinsson P, Schares G, Doronina L, Goltsman M, Greenwood, A.D. (2013). Correlates between feeding ecology and mercury levels in historical and modern Arctic foxes (*Vulpes lagopus*). PLoS ONE 8(5):e60879
- Borgný Katrínardóttir (2008). Áhrif ferðamanna á atferli refa við greni á Hornströndum. Sumarverkefni við Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum. Styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. 18 bls.
- Ester Rut Unnsteinsdóttir (1999). Samskipti refa á grenjum á Hornströndum. Verkefni til 5 eininga við Líffræðiskor Háskóla Íslands, Raunvísindadeild. 23 bls. ásamt 10 bls. viðauka.
- Hólmfríður Sigbórsdóttir, Ester Rut Unnsteinsdóttir & Páll Hersteinsson (1999). Sumarfæða fullorðinna refa (*Alopex lagopus*), fæða borin heim og fæðuleifar á grenjum við sjávarsíðuna. Líffræðirannsóknir á Íslandi. Afmælisráðstefna Líffræðifélags Íslands, 19.-21. nóv. 1999. Bls. 24. (Útdráttur).
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 55. 295 s.
- Páll Hersteinsson, Þorvaldur Þ. Björnsson, Ester Rut Unnsteinsdóttir, Anna Heiða Ólafsdóttir, Hólmfríður Sigbórsdóttir og Þorleifur Eiríksson (2000). Refir á Hornströndum – Greni í ábúð og flutningur út úr friðlandinu. Náttúrufræðingurinn, 69: 131-142.
- Páll Hersteinsson (1999). Refirnir á Hornströndum. Ritverk, Reykjavík. 110 bls.

Efni sótt á vef:

Alþingi lagasafn[sótt 6.12.2018]:

Villidýralög (64/1994) <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1994064.html>

Náttúruverndarlög (60/2013) <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

Reglugerðir[sótt 6.12.2018]:

Reglugerð um refa- og minkaveiðar (437/1995) <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/437-1995>

Náttúrufræðistofnun[sótt 6.12.2018]:

Válisti spendýra <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/spendyr/valisti-spendyra>

Mikilvæg fuglasvæði http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf

Melrakkasetur Íslands

Áhrif ferðamanna á atferli refa . <http://www.melrakki.is/greinar/skra/6/> [sótt 6.12.2018]